

## Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 53. stjórnarfundur.

Árið 2004, 28. september var haldinn fundur í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands í Hermes Reyðarfirði.  
Hófst fundurinn kl 17:00.

Mætt voru: Józef Friðriksson formaður stjórnar, Björn H. Sigurbjörnsson, Jón Halldór Guðmundsson, Sigfríður Þorsteinsdóttir, Gunnlaugur Sverrisson, og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

### Dagskrá:

1. Undirbúningur aðalfundar.
2. Önnur mál.

Józef setti fundinn og stýrði honum.

#### 1. Undirbúningur aðalfundar.

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Í fyrirliggjandi drögum er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi sveitarfélaga milli ára, kr. 37.302.090,- rekstrartekjur alls kr. 44.583.227,- þar af sé notaður tekjuafgangur frá fyrri árum kr. 2.861.137,- til að mæta áætluðum rekstrargjöldum. Áætluð rekstrargjöld eru kr. 44.583.227,-. Þessi fjárhagsáætlun er þannig samþykkt sem tillaga stjórnar til aðalfundar.

#### 2. Önnur mál.

Bréf frá Austur-Héraði. Í bréfinu er greint frá bókun bæjarstjórnar Austur-Héraðs 15. september. Í bókuninni segir að ekki liggi fyrir samþykktir sveitarfélaganna Austur- Héraðs, Fellahrepps, og Norður-Héraðs um úrsögn úr Skólaskrifstofu Austurlands og telur bæjarstjórn það hlutverk nýrrar sveitarstjórnar að ákvarða um framhald málsins. Bæjarstjórn Austur-Héraðs leggur til að ekki verði um úrsögn úr Skólaskrifstofu Austurlands að ræða ef af verður fyrir en í fyrsta lagi á árinu 2006.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundu slitið.

Jón H. Guðmundsson (sign)  
Józef Friðriksson (sign)  
Björn H. Sigurbjörnsson (sign)  
Sigfríður Þorsteinsdóttir (sign)  
Sigurbjörn Marinósson (sign)  
Gunnlaugur Sverrisson (sign)